

Svar menningar- og ferðamálasviðs dags. 12. nóvember 2020 við fyrirspurn íbúaráðs Laugardals um Sólheimasafn.

1) Er eitthvað á teikniborðinu hvað varðar safnið umfram þær viðgerðir sem nú eru í gangi? Svar: *Nei, ekki hefur verið tekin ákvörðun umfram þær viðgerðir á húsnæðinu sem nú þegar hafa verið gerðar á þessu ári. En þó er rætt um að þarna verði það sem kallað er: opið bókasafn, eða safn sem er opið almenningi utan afgreiðslutíma og án starfsfólks snemma á morgnana og á kvöldin. Þannig verði þjónustutíminn lengdur og gestir geti á þeim tíma nýtt sér alla þá aðstöðu sem er í safninu og tekið og skilað bókum í gegnum sjálfsafgreiðslukerfi. Því má þó bæta við að tillaga er komin inn á Hverfið mitt, um viðbótar byggingu við safnið.*

2) Hefur eitthvað verið rætt um leiðir til að bæta aðstöðu starfsfólks? Svar: *Húsnæði Borgarbókasafnsins í Sólheimum er mjög lítið, rétt um 220.000 fm. Það er því lítil sveigjanleiki til þess að bæta aðstöðuna mikið. Þó hefur t.d. kaffistofa starfsfólks verið endurnýjuð nýlega og leitað er leiða til þess að starfsfólk hafi góða vinnuaðstöðu innan þess ramma sem húsnæðið býður upp á.*

3) Er fyrirhugað að útibú Borgarbókasafns rísi í hinni nýju Vogabyggð og ef svo, mun það hafa einhver áhrif á Sólheimasafn? Svar: *Gert er ráð fyrir metnaðarfullu menningarhúsi við Krossmýrartorg á Ártúnshöfða. En ekki í Vogabyggð. Rætt hefur verið um að Sólheimasafn verði áfram opið, að minnsta kosti þar til menningarhúsið á Krossmýrartorgi verði opnað en einnig hefur verið rætt um að bókasafn verði í nýbyggingu í eða við stúkuna við Laugardalslaug. Ekki hefur þó verið tekin endanleg ákvörðun um safn við Laugardalslaug.*

Bestu kveðjur,

Arna Schram
Sviðsstjóri
Head of Culture and Tourism
Menningar- og ferðamálasvið